

Leikskólinn Krílabær  
Litlulaugum Þingeyjarsveit  
650 Laugar  
s.4643315/8420050  
krilabaer@thingeyjarskoli.is

## Fréttabréf marsmánaðar 2025

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
2.	3. Fiskibollur/ fiskilummur Bolludagur	4. Saltkjöt og baunir Sprengidagur	5. Pizza Snemmlokun kl 15:00 Öskudagur	6. Bleikja	7. Jógúrt og brauð	8
9.	10. Soðinn fiskur	11. Kjúklingur	12. Hakk og tortilla	13. Kjöt í karrý	14. Pasta og pylsur	15.
16.	17. Fiskur í ofni	18. Lasagne	19. Slátur	20. Plokkfiskur og rúgbrauð	21. Mjólkurgrautur	22.
23.	24. Steiktur fiskur	25. Kjöthleifur í ofni	26. Gúllas	27. Bleikja	28. Skyr og brauð	29.
30.	31. Soðinn fiskur					

Alla morgna er boðið uppá hafragraut, 2 tegundir kornmetis, súrmjólk, lýsi, rúsínur, mjólk og vatn. Grænmeti er borið fram með öllum mat í hádeginu.

Í nónhressingu er boðið uppá heimabakað brauð, hrökkbrauð, álegg, mjólk, vatn og ávexti. Einn dag í viku er einnig boðið sætabrauð.

Á ípróttadögum er gott að koma í stuttbuxum undir dagklæðnaði og eins er gott að dagklæðnaður sé þægilegur til íklæðslu fyrir börnin að ípróttum loknum

## Aukafatakörfur og merkingar

Kæru foreldrar, þar sem borið hefur á því að merkingum á fatnaði er ábótavant, þá viljum við biðja ykkur að merkja föt barnanna ykkar, barninu sjálfu eða heimilinu, þannig að allir séu meðvitaðir um hver eigi hvaða fatnað. Þetta auðveldar okkur að koma fötunum í réttar hendur og það er jú okkar allra hagur

## marsfréttir 2025

### Símasamband

**Ef þið þurfið að ná af okkur er best að hringja í símann okkar 8420050**

### Foreldrasamtöl

Þeir foreldrar sem ekki fengu boðun í samtál í febrúar verða boðnir í samtál sem fyrst í marsmánuði.

## Viðburðardagar

**Bolludagur**, þá er hefðbundinn dagur en boðið verður upp á bollur í kaffinu

**Sprengidagur** verður með hefðbundnu sniði, sprengjum okkur með saltkjöti og baunum

**Öskudagur**, þá mætum við í búningum og sláum köttinn úr tunnunni og fáum kannski eitthvert góðgæti með okkur heim

## Íþróttir

Á þriðjudögum eru íþróttir eins og öllum ætti að vera kunnugt. Þann dag viljum við biðja ykkur um að barnið komi í íþróttafötum **undir** dagklæðnaði eða í **þægilegum** hreyfifatnaði og í sokkum sem auðvelt er að fara úr og í. (ekki sokkabuxum) Þetta er til að auðvelda barninu að taka þátt í íþróttunum og það geti auðveldlega klætt sig úr og í.

## Vistunartímar

Við viljum biðja ykkur að virða vistunartíma barnsins ykkar. Það á ekki að vera komið í hendur starfsmanna fyrir skráðan vistunartíma og komið úr höndum starfsmanna þegar vistunartíma lýkur.

Eftir að vistunartíma lýkur kl. 16, hefur starfsmaður 5 mínútur til frágangs og lokunar.

Með vinsemd og virðingu starfsfólk Krílabæjar